

Almannavarnir Árnæssýslu

6. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn miðvikudaginn
7. október 2009 kl: 10:30 í Samhæfingarstöðinni Skógarhlíð í Reykjavík.

Mættir:

Árborg	Ragnheiður Hergeirsdóttir, formaður
Grímsnes- og Grafningshreppur	Jón G. Valgeirsson, ritari
Hveragerðisbær	Aldís Hafsteinsdóttir, varaformaður
Bláskógabyggð	Margeir Ingólfsson
Flóahreppur	Margrét Sigurðardóttir
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Gunnar Marteinson
Ölfus	Guðni Pétursson
Árborg	Ásta Stefánsdóttir
Sýslumaðurinn í Árnæssýslu	Ólafur Helgi Kjartansson
Aðstoðar yfirlögregluþjónn	Þorgrímur Óli Sigurðsson
Yfirlögregluþjónn	Oddur Árnason
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Óskar Reykdalsson
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Magnús Skúlason
Svæðisstjórn björgunarsveita	Þorvaldur Guðmundsson
Rauði krossinn	Eyvindur Bjarnason
Brunavarnir Árnæssýslu	Snorri Baldursson

Dagskrá:

1. Kynning á stafseminni AVR í Skógarhlíð.

Víðir Reynisson og Guðrún Jóhannsdóttir frá Ríkislögreglustjóra fara í gegnum starfsemina í samhæfingarstöðinni og verkefni almannavarnadeildar. Aðgerðarstjórn, fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og Neyðarlínan 112 skoðuð.

2. Almannavarnir

Víðir og Guðrún fóru yfir hlutverk almannavarna, ný lög og reglugerðir. Þá var farið yfir verkaskiptingu, áhættuskoðanir, viðbragðsáætlanir, aðgerðarstjórnir o.fl. Greinilegt að mjög gott starf hefur verið unnið við áhættugreiningu í Árnæssýslu.

Niðurstaða:

Nefndafólk fari yfir textann/skapalón m.t.t. sinnar heimabyggðar, fylli í eyður og leiðrétti ef þörf er á. Á næsta fundi nefndarinnar verði ákveðið hverjir taki að sér að ganga frá texta og hvernig nefndin vill hafa þetta. Áætlað að lesa síðan sameiginlega yfir viðbragðsáætlanir og áhættumat fyrir lok árs. Athuga með skrifborðsæfingu.

3. Inflúensufaraldur.

Íris Marelsdóttir hjá Ríkislögreglustjóra og Óskar Reykdalsson fóru yfir stöðu mála. Fram kom hjá ÍM að faraldur virtist nú í rénun, bóluefnið ætti að koma um næstu mánaðarmót, ekki ljóst hvort þurfi 1 eða 2 sprautur fyrir hvern fullorðinn. Óljóst hvað síðan verði með flensuna, hvort hún komi “tvíefld” aftur þegar líður að áramótum. ÓR fór yfir kosti og mikilvægi þess að fólk láti bólusetja sig. Umræða í samfélaginu undanfarið um að það sé hættulegt. Mjög mikilvægt að fólk láti bólusetja sig til að halda útbreiðslu í lágmarki. Dánartíðni af völdum flensunnar gæti orðið um 1 % miðað við “venjulega” flensu, ekki þekkt dauðsföll af völdum bólusetningar. Hættulegra ef ekki er bóluset.

4. Fjárhagsáætlun AÁ

Hautfundur Héraðsnefndar verður haldinn 29. október, nk. Þar verður lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun AÁ.

Niðurstaða:

Kristjáni falið að vinna tillögu í samráði við Ragnheiði, Aldísi og Jón og senda til héraðsráðs fyrir þriðjudaginn 13. okt. n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14.30

Ragnheiður Hergeirsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir
Jón G. Valgeirsson